

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,
á Skagaströnd, mánudaginn 2. apríl 2012, kl. 16.00**

Mætt voru: Björg Baldursdóttir formaður, Bjarni Jónsson, Guðný Kjartansdóttir, Þóra Sverrisdóttir, Ragnar Smári Helgason og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Úthlutun menningarstyrkja – síðari umræða

Fyrir fundinum lágu 108 umsóknir um verkefnastyrki þar sem óskað var eftir rúmum 66 milljónum í styrki. Menningarráð samþykkti styrki til 67 aðila, samtals að upphæð 23,9 milljónir króna. Við afgreiðslu einstakra umsókna var fylgt lögum um vanhæfi nefndarmanna.

Úthlutun menningarstyrkja fer fram í Félagsheimilinu Ljósheimum í Skagafirði fimmtudaginn 26. apríl kl. 17.00.

2. Erindi frá Byggðastofnun

Borist hafði fyrirspurn til SSNV frá Byggðastofnun um framkvæmd þingsályktunar um byggðaáætlun 2011-2013. Á fundinum var kynnt svarbréf SSNV.

3. Önnur mál

- a) Samþykkt var að framlengja bílasamning við Bílaleigu Akureyrar um eitt ár.
- b) Kynnt var bókun stjórnar SSNV frá 19. mars sl. er varðar viðbótarframlag til Menningarsamnings Norðurlands vestra vegna stofn- og rekstrarstyrkja.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 21.30.
Ingibergur Guðmundsson